

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta
The National Union of Icelandic Students
Established 2013



Reykjavík, 14. mars 2020

Ályktun LÍS vegna heimsfaraldurs COVID-19

Augljóst er að háskólasamfélagið verður fyrir miklum áhrifum vegna útbreiðslu COVID-19. Heilbrigðisráðherra hefur tilkynnt um samkomubann sem mun gilda í fjórar vikur frá og með mánudeginum 16. mars 2020. Samkomubannið hefur bein áhrif á skólastarf og munu háskólar loka sínum byggingum. Kennsla á að fara fram í fjarkennslu eins og hægt er. Fulltrúi LÍS situr í samráðshóp um skólalald vegna heimsfaraldurs COVID-19 og verða hagsmunir stúdenta hafðir að leiðarljósi á þeim vettvangi. Fram hefur komið að þó að yngra og heilsuhraust fólk jafni sig vel af veikindunum sem veiran veldur¹, þá er hættan sú að aðrir sem viðkvæmari eru smitist ef ekki er gripið til varúðarráðstafana. Þess vegna er mikilvægt að háskólasamfélagið sýni samstöðu og fari eftir öllum tilmælum heilbrigðisyfirvalda, samhliða því að það leiti lausna til þess að halda áfram með skólastarf í fjarkennslu. Skulu þessar takmarkanir hafa sem minnst áhrif á námsframvindu stúdenta, sér í lagi þegar kemur að þeim sem þurfa að sýna fram á loknar einingar til þess að fá lán og mega dvelja áfram í stúdentahúsnæði. Einnig skiptir máli að þau sem höfðu ætlað að ljúka námi í vor fái enn tækifæri til þess. Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna, hér eftir LÍN, hefur ákveðið að breyta reglum sínum um námsframvindu í ljósi aðstæðna til þess að koma til móts við stúdenta sem geta ekki sýnt fram á loknar einingar vegna heimsfaraldursins². LÍS fagna því að LÍN hafi brugðist við aðstæðum með því að auka sveigjanleika en hvetja háskóla til þess að vinna hratt og örugglega með LÍN við að ákveða og viðurkenna annars konar staðfestingu á ástundun til þess að stúdentar lendi ekki í fjárhagslegum erfiðleikum. Skrifstofa LÍS verður lokuð næstu fjórar vikurnar en ávallt hægt að hafa samband við samtökin og leita sér aðstoðar varðandi öll mál sem koma stúdentum við í gegnum lis@studentar.is.

¹ <https://informationisbeautiful.net/visualizations/covid-19-coronavirus-infographic-datapack/>

² Breyttar reglur má sjá á vef LÍN.

<https://www.lin.is/um-lin/um-lin/frettir/stok-frett/2020/03/12/LIN-kemur-til-mots-vid-namsmenn-vegn-a-koronaveirunnar-COVID-19/>